# LÖG

## um breyting á lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „Íþróttasambandi Íslands" í 1. mgr. 1. gr. laganna og sömu orða hvarvetna í lögunum kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Íþrótta- og ólympíusambandi Íslands.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:
Heimild þessi gildir til 1. janúar 2019.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. desember 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Björn Bjarnason.*

16. desember 2003 Nr. 127

# LÖG

## um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973.

FORSETI ÍSLANDS
*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. málsl. e-liðar 1. mgr. 1. gr. laganna, sbr. 1. gr. laga nr. 23 5. maí 1986, orðast svo: Einkaleyfi til að reka happdrættið má veita til 1. janúar 2019.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 16. desember 2003.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**
(L. S.)

*Björn Bjarnason.*